

# Viðburðanefnd Ásahrepps

1. fundur nefndarinnar, haldinn á skrifstofu hreppsins á Laugalandi, 5. júní 2026, kl. 9:00

Á fundinn voru boðaðir allir aðalmenn og varamenn, auk oddvita og skrifstofustjóra.

Aðalmenn eru: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður, Þráinn Ingólfsson, Hugrún Fjóla Hannesdóttir. Varamenn: Guðmundur Hreinn Grétarsson, Gréta Vilborg Guðmundsdóttir, Vilberg Skúlason.

Mætt eru:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður, Þráinn Ingólfsson, Hugrún Fjóla Hannesdóttir, auk þess Ísleifur Jónasson oddviti og Guðmundur Einarsson skrifstofustjóri sem ritar fundargerð.

1. Formaður bauð fundarmenn velkomna og gaf oddvita orðið.
2. Oddvitii fór yfir hugsunina sem liggur að baki nefndinni. Margir af þeim vettvöngum þar sem fólk hittist innan sveitarfélagsins, svo sem kvenfélag, ungmennafélag o.fl. eru ekki lengur til staðar og þörf er á nýjum möguleikum á því sviði.

Hugmyndin byggir þessari nálgun:

- Verkefnabundin nefnd, kosin út kjörtímabilið skv. d lið 41. greinar samþykkt hreppsins.
- Nefnd sem hefur það hlutverk að skipuleggja viðburði sem næðu til sem flestra hópa innan sveitarfélagsins.
- Nefndin hafi það hlutverk að sjá um 2-4 viðburði á ári til að auka tengsl og samveru íbúa.
- Nefndarþóknun fer eftir samþykktum um kjör hreppnefndar og annarra nefnda.
- Nefndin hafi ákeðinn fjárhagsramma sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun hvers árs.

Hugmyndin er að Ípróttu- og fjölmennningarfulltrúi Ásahrepps og Rangárbings ytra starfi með nefndinni og var tekið vel í þá hugmynd.

3. Nefndarmenn lýstu ánægju sinni með stofnun nefndarinnar. Rætt um á hvaða hópa ætti að leggja áherslu á og hverskonar viðburðir kæmu til greina. Hugarflug um ýmsa möguleika og útfærslur.

4. Niðurstöður.

Stefnt er á að leggja áherslu á eldri borgara í byrjun.

Nefndarmenn munu nota næstu vikur til að skoða ýmsa möguleika og fá hugmyndir fleiri íbúa í þessu sambandi.

Frétt á heimasíðu til að vekja athygli á hvatastyrk 60+ og hvað sé í boðið fyrir eldri borgara á svæðinu.

5. Næsti fundur er áætlaður um mánaðamótin september-október.

Fundi slitið klukkan 10:10.

Asta Þugga Ólafsdóttir  
Hugan H.  
Þráinn Tugólfsson  
Sleifur Jehasson  
Rannveig Einarsson